

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 13. 02 2020 kl. 16:00

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík.

Mættir: Heimir, Haukur, Sófus, Svanur og Hörður sem ritaði fundargerð. Katrín og Þorsteinn boðuðu forföll.

1. Skálholt. Haukur sagði frá því að sr. Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti hefði hitt þá Heimir og hann í Laugavegssafninu. Ekkert hefur breyst með afstöðu Kristjáns að því leyti að hann er okkur mjög hliðhollur og áhugasamur um prentminjasafn í Skálholti. „Fjósíð“ er úr sögunni en aðstaða (neðri hæð) í svokölluðu gestahúsi stendur okkur til boða. Það er um 350 – 400 fermetrar. Samþykkt að stjórn fari og skoði það einhvern nálægan þriðjudag þegar færð og veður leyfa. Samþykkt var að Haukur og Heimir verði framvegis tengiliðir stjórnar við Kristján og Skálholtsstað. Þorsteinn verður áfram eins og hingað til umsjónarmaður söfnunar tækja og varðveislu þeirra.

2. Tæki í Kassagerðinni. Samþykkt var að leyfa fjárveitingu upp að 100 þús. til að koma þeim í gáma og flutning á „samhangandi“ vélinni í geymslu hjá Prentmet. Framkvæmdin er í höndum Þorsteins.

3. Opnun safnsins á Laugaveginum. Samþykkt að safnið opni á föstudaginn 21. Febrúar kl. 14:00 og verði líka opið laugardaginn 22. Febrúar 13:00 – 16:00. Rætt var hvort ætti að hafa helgaropnanir til að byrja með (föstudag/laugardag). Senda þarf fréttatilkynningu á fjölmiðla og auglýsa á Facebook. Vinnudagur verður þriðjudaginn 18. febrúar og allir sem eiga lausa stund hvattir til að mæta.

Fundi slitið kl. 17:00